



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# Flórgoðinn

## Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Jóladagskrá Áslandsskóla 2005
- Hugsað til þeirra sem minna mega sín
- Heilsdagsskóli



## Velkomin á jólamorgunstundir

### Kæru nemendur/foreldrar/forráðamenn

Í þessum Flórgoða gefur að líta jóladagskrá Áslandsskóla fyrir þessi jól. Nemendur og starfsfólk bjóða forráðamenn, afa og ömmu sérstaklega velkomin á jólamorgunstundir sem verða í skólanum í næstu viku. Þar stíga nemendur á stökk og flytja jólaatriði. Á þessari morgunstund verður einnig sýndur helgileikur sem nemendur í 5. bekk hafa æft undanfarið undir leiðsögn Auðar Óskarsdóttur og Díönu Ívarsdóttur.

Áslandsskóli heldur í þá hefð að hafa ekki pakkajól fyrir þessi jól frekar en undanfarin ár. Þess í stað koma nemendur og starfsmenn með frjáls framlög sem renna til Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar.

**Skólastarf hefst að loknu jólaeyfi miðvikudaginn 4. janúar samkvæmt stundaskrá.**

**Með skólakveðju**  
**Leifur S. Garðarsson**  
Skólastjóri Áslandsskóla

## Heilsdagsskóli

Þriðjudaginn 20. desember verður skólastarf með sveigjanlegum hætti eins og tilgreint er á skóladagatali, en þá verða jólaskemmtanir. Heilsdagsskólinn verður því opinn frá kl. 8:00 þann dag, þar sem dagskrá er með óhefðbundnum hætti.

Heilsdagsskólinn er síðan opinn í jólafríi nemenda sem hér segir:

Miðvikudaginn	21. desember	kl. 8:00—17:00
Fimmtudaginn	22. desember	kl. 8:00—17:00
Föstudaginn	23. desember	kl. 8:00—12:30
Þriðjudaginn	27. desember	kl. 8:00—17:00
Miðvikudaginn	28. desember	kl. 8:00-17:00
Fimmtudaginn	29. desember	kl. 8:00-17:00
Föstudaginn	30. desember	kl. 8:00-17:00

Þeir forráðmenn sem hyggjast nýta sér heilsdagsskólann í jólafríi eða breyta viðveru þann 20. desember, verða því að fylla út þar til gert pöntunarblað á skrifstofu skólans sem tilgreinir dvalartíma.

Einnig þarf greiðslukvittun að fylgja sem staðfesting þess að greiðsla hafi átt sér stað. **Slíkt þarf að berast á skrifstofu skólans í síðasta lagi fimmtudaginn 15. desember. Ekki verður unnt að verða við ósk um dvöl þessa daga berist hún síðar.**

Rétt er einnig að geta þess að tilskylinn lágmarksfjöldi barna þarf dag hvern til að starfsemi sé haldið úti. Það skal þó tekið fram að jólafrí er auðvitað frí nemenda frá skóla og oft getur verið gott að hvílast aðeins á skólatengdu starfi svo nemendur komi endurnærðir til baka.

Gjald fyrir hverja klukkustund er 185 krónur, sé barn lengur en til kl. 14.00 bætist við kr. 170.– pr. dag vegna nestispakka.

## Hugsað til þeirra sem minna mega sín

Í tengslum við jólahald í skólum eru pakkaleikir á stofujólum gjarnan eitt atriðanna.

Við í Áslandsskóla höfum ákveðið að feta sömu leið og á sl. skólaári hvað þetta varðar. Hver nemandi og hver starfsmaður mætir með lokað umslag með frjálsum framlagi mánudaginn 19. desember. Nemendur afhenda umsjónarkennara sitt umslag. Viðmiðið er kr. 300.– pr einstakling en öllum er að sjálfsgöðu heimilt að sníða sér stakk eftir vexti hvað framlag varðar.

Þessi hugsun okkar tengist einum af hornstoðunum fjórum, þjónustu við samfélagið.

Fjármunum verður síðan safnað saman og við lok síðustu skemmtunar á sal skólans, litlu-jólum í 6. bekk þriðjudaginn 20. desember, verður sú upphæð sem til hefur safnast afhent fulltrúa Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar.

Gert er ráð fyrir því að skólastjóri afhendi fulltrúa Mæðrastyrksnefndar það sem safnast um kl. 13:30 á sal skólans.

## JÓLADAGSKRÁ 2005

### Jólamorgunstundir

#### Mánudagur

12. desember kl. 8:10 3. og 4. bekkur

#### Þriðjudagur

13. desember kl. 8:10 1. og 2. bekkur

#### Miðvikudagur

14. desember kl. 8:10 8., 9. og 10. bekkur

#### Fimmtudagur

15. desember kl. 8:10 5., 6. og 7. bekkur

1) Kveikt á kertum 2) Jólalagsgleikur 3) bekkir með stutt atriði  
4) skólaheiti 5) skólasöngur.

**Forráðamenn sérstaklega boðnir velkomnir.**

**Boðið verður upp á kaffi og piparkökur fyrir forráðamenn.**

### Þriðjudagur 20. desember

Árgangar byrja ýmist á litlu jólum eða stofujólum.

Mæting í heimastofu.

Jólastund í heimastofu / Gengið í fallegum röðum á sal.

Gengið í kringum jólatré við undirleik.

Bekkir búnir að fá lög til að æfa sig – syngja með um leið og gengið er kringum jólatré.

### Þriðjudagur 20. desember — framhald

Árgangur	Litlu jól	Stofujól
1. bekkur	9:00-9:55	8:10-9:00
2. bekkur	8:10-9:00	9:00-10:00
3. bekkur	10:00-10:50	9:10-10:00
4. bekkur	11:00-11:50	10:00-11:00
5. bekkur	12:00-12:50	11:10-12:00
6. bekkur	12:50-13:40	12:00-12:50
7. bekkur	Ball 14.12	10:00-11:30
8. bekkur	Ball 15.12	10:00-11:30
9. bekkur	Ball 15.12	10:00-11:30
10. bekkur	Ball 15.12	10:00-11:30

### Unglingadeild

Jólaball 15. desember

### 7. bekkur

Jólaball 14. desember

## Í ÁSLANDSSKOLA HÖLDUM VIÐ HURÐINNI OPINNI FYRIR AÐRA



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
aslandss@ismennt.is

**www.aslandsskoli.is**

*Flórgoðinn*

**Fréttablað**  
**Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri